

Umsögn um mál 138, 150. löggjafarþing, þingskjal 138 –
40 stunda vinnuvika (lögbundnir frídagar)

Reykjavík, 25. nóvember 2019

Alda tekur undir meginmarkmið þessa frumvarps, um að fjölga frídögum vinnandi fólks, enda er fjöldi vinnustunda á Íslandi mikill og vinnuálag mikið. Félagið telur það ráðavænlega lausn að fjölga frídögum, enda ætti eitt markmið sjálfvirknivæðingar og vélvæðingar að gera fólki kleift að draga úr vinnu. Félagið tekur ekki afstöðu til rökstuðnings flutningsmanna í greinargerð frumvarpsins.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður

Velferðarnefnd
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2019

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971 (lögbundnir frídagar). 150. löggjafarþing 2019-2020, 138. mál.

Velferðarnefnd Alþingis hefur sent BHM til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku. Með frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar að 1. desember verði gerður að almennum frídeggi.

Bandalagið vekur athygli á að um almenna frídaga, sérstaka frídaga og stórhátíðardaga er samið í kjarasamningum stéttarfélaganna. Bandalagið leggur áherslu á að breyting sem þessi verði gerð í samráði við viðeigandi heildarsamtök starfsmanna á opinberum markaði og eigi sér stað við samningaborð aðila.

Virðingarfyllt f.h. BHM,



Andri Valur Ívarsson
lögmaður BHM

Nefndasvið Alþingis
B.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um að gera 1. desember að lögbundnum frídegi (138. mál)

Félag atvinnurekenda vísar til beiðni velferðarnefndar frá 17. október síðastliðnum, um að félagið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971, á þingskjali 138.

Megintillaga frumvarpsins er að 1. desember, fullveldisdagurinn, verði gerður að lögbundnum frídegi líkt og sumardagurinn fyrsti, frídagur verzlunarmanna, baráttudagur verkalyðsins 1. maí, þjóðhátíðardagurinn 17. júní og aðfangadagur jóla og gamlársdagur að hálfu, auk helgidaga þjóðkirkjunnar.

FA telur ýmsa meinbugi á þessari tillögu. Í fyrsta lagi eru „rauðir dagar“, þ.e. lögbundnir frídagar sem ekki eru bundir við sunnudaga, fleiri hér á landi en víðast hvar í nágrannalöndunum. Á Íslandi eru þeir 12 að frátöldum aðfanga- og gamlársdegi, en í Svíþjóð eru dagarnir ellefu, tíu í Noregi og Finnlandi og níu í Danmörku. Meðalvinnuvikan á Íslandi er nú þegar ein sú stytzta í OECD-löndum þegar frídagar eru teknir með í reikninginn.

Í öðru lagi er 1. desember ekki heppilegur almennur frídagur út frá hagsmunum verzlunarfyrirtækja sérstaklega, þar sem hann myndi lenda á mesta annatíma ársins.

Í þriðja lagi telur FA almennt heppilegra að um orlofs- og frídaga sé samið í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði en að ríkisvaldið ákveði þá.

Í fjórða lagi er FA sammála flutningsmönnum um að 1. desember sé merkisdagur í sögunni, en þau rök má færa fyrir því að gera alla mögulega aðra daga, sem fólki þykja af ýmsum sökum merkilegir, að frídögum. Af dögum sem flutningsmönnum gætu þótt jafnmikilvægir má nefna 19. júní (kvennafrídaginn), 4. apríl (stofndag Atlantshafsbandalagsins), 5. maí (dag Evrópusamvinnu), 17. maí (alþjóðlegan dag gegn hómó- og transfóbíu) og þannig mætti lengi telja. Lítið yrði væntanlega unnið ef allir merkisdagar yrðu gerðir að lögbundnum frídögum. Margvíslegar leiðir eru hins vegar til að minnst þeirra og „festa í sameiginlegt minni þjóðarinnar“

Félag atvinnurekenda mælir ekki með því að frumvarp þetta verði að lögum.

Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA